

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 30. apríl 1991

um aðlögun tilskipunar ráðsins 82/130/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum í námum þar sem eldfimt gas getur myndast að tækniframförum**(91/269/EBE)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 82/130/EBE frá 15. febrúar 1982 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum í námum þar sem eldfimt gas getur myndast, ⁽¹⁾ eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/35/EBE ⁽²⁾, einkum 7. gr. hennar,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Með tilliti til núverandi tæknistigs er nauðsynlegt að gera breytingar á samhæfðu stöðlum sem getið er í viðauka A við tilskipun 82/130/EBE.

Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur frá því að tilskipun 82/130/EBE var samþykkt þykir rétt að breyta viðauka C við þá tilskipun.

Búnaðurinn sem að ofan er getið er þess eðlis að nauðsynlegt er að gera ráð fyrir að iðnaðurinn fái aðlögunartíma til þess að laga sig að breyttum stöðlum.

Þær ráðstafanir sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit sem undirnefnd Öryggis- og heilbrigðisnefndarinnar fyrir námuvinnslu skilaði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 82/130/EBE er hér með breytt sem hér segir:

1. Í stað viðauka A og C komi viðaukar A og C í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. Viðauka B er breytt til samræmis við viðauka B í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1992 og skulu þegar í stað tilkynna það framkvæmdastjórninni.

Þegar aðildarríki samþykkja ákvæði þessi skal vera í þeim tilvísun til þessarar tilskipunar eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Málsmeðferð að því er varðar slíkar tilvísanir skal samþykkt af aðildarríkjunum.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta þeirra ákvæða landslaga er þau samþykkja samkvæmt þessari tilskipun.

2. Þó skulu aðildarríkin til 31. desember 2009 beita áfram þeim aðgerðum sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar 82/130/EBE að því er varðar rafföng sem vottað er að samrýmist samhæfðum stöðlum með samræmisvottorðinu sem um getur í 8. gr. tilskipunar 82/130/EBE, hafi það verið gefið út fyrir 1. janúar 1993.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. apríl 1991.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vasso PAPANDREOU

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 59, 2. 3. 1982, bls. 10.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 20, 26. 1. 1988, bls. 28.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI A

SAMHÆFDIR STAÐLAR

Samhæfðu staðlarnir, sem búnaður verður að samræmast eftir því hvaða varnartilhögun er beitt, eru þeir Evrópustaðlar sem taldir eru upp í eftirfarandi töflu.

Vísa skal til vottorða sem gefin eru út samkvæmt þessari tilskipun sem „vottorða af gerð C“. Bókstafurinn C skal koma fremst í raðnúmeri slíkra vottorða.

Evrópustaðlar

(skráðir af Cenelec, 2 rue de Bréderode, PO Box 5, B-1000 Brussels)

Númer	Titill	Útgáfa	Dagsetning
EN 50014	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: almennar kröfur Breyting 1 Breyting 2 Breytingar 3 og 4 Breyting 5	1	Mars 1977 Júlí 1979 Júní 1982 Desember 1982 Febrúar 1986
EN 50015	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: olíufylling „o“ Breyting 1	1	Mars 1977 Júlí 1979
EN 50016	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: yfirþrýstingsumlykja „p“ Breyting 1	1	Mars 1977 Júlí 1979
EN 50017	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sallafylling „q“ Breyting 1	1	Mars 1977 Júlí 1979
EN 50018	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sprengitraust umlykja „d“ Breyting 1 Breyting 2 Breyting 3	1	Mars 1977 Júlí 1979 Desember 1982 Nóvember 1985
EN 50019	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: aukið öryggi „e“ Breyting 1 Breyting 2 Breyting 3	1	Mars 1977 Júlí 1979 September 1983 Desember 1985
EN 50020	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sjálftrygg útfærsla „i“ Breyting 1 Breyting 2	1	Mars 1977 Júlí 1979 Desember 1985
EN 50028	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: innsteypt útfærsla „m“	1	Febrúar 1987“

VIÐAUKI B

Breytingar á og viðbætur við Evrópustaðlana sem taldir eru upp í viðauka A*1. viðbætur***RAFFÖNG Í I. FLOKKI TIL NOTKUNAR Á SPRENGIHÆTTUSTÖÐUM**

ALMENNAR KRÖFUR

(Evrópustaðall EN 50014)

Í stað textans í 6.3.1 í 3. breytingu (desember 1982) á Evrópustaðli EN 50014 komi:

„6.3.1 Rafföng í I. flokki

Umlykjur úr plastefnum, sem hafa yfirborð með ofanvarpi í einhverja átt sem er meira en 100 cm^2 eða sem bera málmhluta með meiri rýmd til jarðar en 3 pF í versta tilviki, skulu þannig hannaðar að við eðlilegar aðstæður við notkun, viðhald og hreinsun sé ekki hætta á íkveikju vegna stöðurafmagns.

Þessari kröfu skal fullnægt:

- með viðeigandi vali á efni: einangrunarviðnám þess mælt samkvæmt þeirri aðferð sem lýst er í 22.4.7.8 í þessum Evrópustaðli skal ekki vera meira en:
 - $1\text{ G}\Omega$ við $23 \pm 2^\circ\text{C}$ og $50 \pm 5\%$ rakastig,
eða
 - $100\text{ G}\Omega$ við ystu mörk hita- og rakastigs sem gefið er upp sem þjónustusvið fyrir raffangið; merkið „ χ “ skal þá sett á eftir tilvísuninni til vottorðsins eins og segir í 26.2.9;
- eða með stærð, lögun, fyrirkomulagi eða öðrum varnaraðgerðum. Það að hættulegar stöðurafmagnshleðslur eigi sér ekki stað skal sannreynt með raunverulegum íkveikjuþrófunum á loftmetanblöndu með $8,5 \pm 0,5\%$ metan.

Verði ekki öll hætta á íkveikju útilokuð í hönnuninni, skal gefa til kynna á viðvörunarspjaldi þær öryggisráðstafanir sem þarf að gera við notkun.“

2. viðbætur

Textinn í 2. viðbæti í viðauka B við tilskipun 82/130/EBE falli brott.

3. viðbætur

Textinn í 3. viðbæti í viðauka B við tilskipun 82/130/EBE verði óbreyttur.

VIÐAUKI C

RAFFÖNG Í I. FLOKKI TIL NOTKUNAR Á SPRENGIHÆTTUSTÓÐUM

I. EINKENNISMERKI BANDALAGSINS

M Y N D

II. MERKING RAFFANGA SEM Hafa SKOÐUNARVOTTORÐ

Ef raffang af gerð sem ekki er í samræmi við samhæfðu staðlana hefur fengið skoðunarvottorð, eins og gert er ráð fyrir í 9. gr., skal bæta við einkennismerki bandalagsins að minnsta kosti því sem hér fer á eftir:

1. Merkið „S“ sem táknar að raffangið henti fyrir gasmengaðar námur og hafi skoðunarvottorð. Merkið skal koma strax aftan við einkennismerki bandalagsins eins og sýnt er hér að neðan.
2. Síðustu tvær tölurnar í útgáfuári skoðunarvottorðsins.
3. Raðnúmer skoðunarvottorðsins fyrir það ár.

4. Nafn eða merki aðilans sem samþykktur hefur verið til að gefa út vottorðin.
5. Nafn framleiðandans eða skráð vörumerki hans.
6. Gerðarauðkenni framleiðandans.
7. Raðnúmer framleiðandans.
8. Telji prófunarstofan nauðsynlegt að setja sérstök skilyrði fyrir öruggri notkun skal setja merkið „χ“ á eftir tilvísuninni til skoðunarvottorðsins.
9. Allar merkingar sem krafist er í byggingarstöðlum fyrir raffangið.
10. Allar viðbótarmerkingar sem aðilinn sem samþykktur hefur verið til að gefa út vottorðin telur nauðsynlegar.

MYND
